

Nd.

285. Frumvarp til laga

um breyting á vegalögum, nr. 101 frá 19. júní 1933.

Flm.: Bergur Jónsson, Bjarni Bjarnason.

1. gr.

Aftan við síðari mgr. 24. gr. laganna bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Ef um samgönguleið milli héraða er að ræða, skulu þó slíkar bætur greiddar úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 24. gr. vegalaganna er það undantekningarlaus regla, að sýslusjóður, „þar sem land það er, sem bætur greiðast fyrir“, skuli greiða bætur fyrir jarðrask og landnám. Þetta má ef til vill telja sanngjarnt þar, sem þjóðvegur er lagður innan héraðs og er fyrst og fremst samgönguleið fyrir héraðsmenn. Hinsvegar hagar þann veg til víða, að vegir eru lagðir yfir lönd sýslufélaga sem samgönguleiðir fyrir alþjóð á milli héraða, þótt vegurinn sé aðeins að litlu eða engu leyti lagður vegna þarfa þess sýslufélags, sem lönd á að honum. Má nefna sem dæmi hinn svo kallaða „Krisuvíkurveg“, sem vitanlega er ætlaður til þess að verða samgönguleið á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar annarsvegar og Suðurlandsundirlendisins hinsvegar, en aðeins að mjög litlu leyti eða engu lagður vegna þarfa Gullbringusýslu, en vegurinn liggur að miklu um þá sýslu. Í slíkum tilfellum nær engri átt að gera einstöku sýslufélagi að greiða bætur fyrir jarðrask og landnám eða annan kostnað, sem af vegagerðinni leiðir.

Nánar í framsögu.